



Skýrsla umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2014-2015

Lögð fram á 70. umdæmisþingi í Borgarnesi, 10. október 2015


Alþjóðaforsettinn og einkunnarorð ársins:



Alþjóðaforseti Rótaryhreyfingarinnar á starfsárinu 2014-2015 var Gary Huang frá Taiwan. Gary hefur sinnt mörgum ábyrgðarstörfum fyrir Rotary, bæði á heimavelli og alþjóðlega.

Gary Huang valdi sem einkunnarorð starfsársins „Light up Rotary“. Á íslensku voru einkunnarorðin sett fram sem „Vörpum ljósi á Rótary“.

Að varpa ljósi á Rótary þýðir margt. Að gera okkur sýnilegri, að virkja okkur til verka og að vera óhrædd við breytingar og taka þeim fagnandi.



Umdæmisráð

Eftirfarandi einstaklingar sátu í umdæmisráði árið 2014-2015:

Guðbjörg Alfreðsdóttir, Rkl. Görðum, umdæmisstjóri 2014-2015,
Magnús B. Jónsson, Rkl. Borgarness, viðtakandi umdæmisstjóri 2015-2016,
Guðmundur Jens Þorvarðarson, Rkl. Kópavogs, tilnefndur umdæmisstjóri 2016-2017,
Björn B. Jónsson, Rkl. Selfoss, umdæmisstjóri 2013-2014,
Kristján Haraldsson, Rkl. Ísafjarðar, umdæmisstjóri 2012-2013,
Tryggvi Pálsson, Rkl. Reykjavík-Austurbær, umdæmisstjóri 2011-2012,
Margrét Friðriksdóttir, Rkl. Borgum Kópavogi, umdæmisstjóri 2010-2011.

Skrifstofustjóri umdæmisins, Margrét Sigurjónsdóttir, sat fundi ráðsins og ritaði fundargerðir. Umdæmisráð hélt 6 bókaða fundi á tímabilinu en jafnframt voru ráðsmenn í síma- og netsambandi milli funda eftir þörfum.

Framkvæmdaráð

Í framkvæmdaráði umdæmisins sitja umdæmisstjóri, viðtakandi umdæmisstjóri og fráfarandi umdæmisstjóri auk þess sem gert er ráð fyrir að ráðið kalli til fundar einstaka formenn nefnda umdæmisins eftir verkefnum hverju sinni. Framkvæmdaráð kom ekki formlega saman á starfsárinu en var í síma- og netsambandi eftir þörfum.

Aðstoðarumdæmisstjórar

Eftirtaldir Rótarýfélagar gegndu embætti aðstoðarumdæmisstjóra á tímabilinu:
Esther Guðmundsdóttir, Rkl. Rvk. Miðborg,
Eypór Elíasson, Rkl. Héraðsbúa,
Knútur Óskarsson, Rkl. Mosfellssveitar.

Aðstoðarumdæmisstjórar skipta klúbbunum á milli sín, leitast við að mæta á fundi þeirra og eru til taks ef vandamál koma upp. Þeir eru umdæmisstjóra til ráðgjafar. Á árinu unnu aðstoðarumdæmisstjórar mikið afbragðsstarf og voru í mjög góðu sambandi við klúbbana. Öll þrjú tóku sæti í undirbúningsnefndinni fyrir fyrsta Rótarýdaginn á Íslandi. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir mjög vel unnin störf á starfsárinu.

Umdæmisleiðbeinandi

Umdæmisleiðbeinandi var Margrét Friðriksdóttir, Rkl. Borgum Kópavogi, fyrrverandi umdæmisstjóri (2010-2011). Umdæmisleiðbeinandi hefur yfirumsjón með þjálfun og fræðslu viðtakandi embættismanna, flytur fræðsluerindi í klúbbunum, ásamt því að undirbúa og stjórna fræðslumóti fyrir verðandi embættismenn klúbbanna. Það er samdóma álit allra þeirra sem sótt hafa fræðslumótin er haldin hafa verið síðustu ár í Menntaskólanum í Kópavogi, að þau hafi tekist afar vel og færi ég Margréti bestu þakkir fyrir hennar góða framlag til Rótarýhreyfingarinnar á Íslandi.

Skrifstofa umdæmisins

Skrifstofustjóri umdæmisins er Margrét Sigurjónsdóttir. Skrifstofan var opin á milli kl. 10:00 og 12:00 alla daga vikunnar. Nefndir umdæmisins nýta skrifstofuna í auknum mæli fyrir fundi og er ánægjulegt þegar rótarýfélagar nýta sér þá aðstoð sem unnt er að veita á skrifstofunni, ekki síst embættismenn klúbbanna.

Undirnefndir umdæmisins

Skýrslur margra umdæmisnefnda og stjórna fylgja ársskýrslu þessari en þær fjalla um verkefni og almenna starfsemi þeirra á rótarýárinu. Mismikil verkefni eru hjá hinum ýmsu nefndum og er það breytilegt milli ára.

Haldinn var sérstakur fundur umdæmisstjóra með formönnum nefnda og sjóða umdæmisins ásamt öðrum embættismönnum þess 3. febrúar sl. Nánast allir nefndaformenn mættu og mikil stemning var á fundinum. Hver þátttakandi hélt 3ja mín. erindi um verkefnin sem unnið var að og hvað ætlunin væri að klára á starfsárinu. Ég þakka öllum félögum í nefndum og sjóðum fyrir mikið og gott starf þeirra í þágu Rótarý á árinu.

Sjóðir umdæmisins

Rótarýumdæmið á Íslandi er með tvo sjóði á sínum vegum, þ.e. Tónlistarsjóð Rótarý á Íslandi sem stofnaður var 4. júní 2003 og Verðlauna- og styrktarsjóð Rótarý á Íslandi sem stofnaður var 1. júlí 2007.

Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi – Stórtónleikar og tónlistarverðlaun Rótarý 2015

Tilgangur Tónlistarsjóðs Rótarý á Íslandi er að veita ungu tónlistarfólki, sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar, viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms. Fyrst var veitt úr sjóðnum árið 2005 í tilefni af 100 ára afmæli Rótarýhreyfingarinnar. Síðan hefur árlega verið veitt fé úr sjóðnum eða alls tíu sinnum og hafa nú sextán einstaklingar verið verðlaunaðir.



með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Umdæmisstjóri ákvað að tveir styrkir yrðu veittir að þessu sinni, hvor að upphæð 800 þús kr. Stjórn sjóðsins ákvað að verðlaunin fengju Baldvin Oddsson, trompetleikari, og Sólveig Steinþórsdóttir, fiðluleikari. Baldvin stundar nám í Manhattan School of Music í New York hjá Marc Gold, en Baldvin hefur verið við nám í Bandaríkjunum frá árinu 2009. Sólveig stundar nám við Universität der Künste í Berlín hjá Eriku Geldsetzer. Bæði hafa þau leikið einleik

Stórtónleikar Rótarý 2015 voru haldnir sunnudaginn 4. janúar í Norðurljósasal Hörpu að þessu sinni. Tónleikarnir hófust með ávarpi Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands. Sólveig lék Sonatensatz-Scherzo op. 4 í c moll eftir J. Brahms, og Baldvin Carnival of Venice eftir H.L. Clarke. Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari, lék með þeim.

Á tónleikunum söng Kristinn Sigmundsson við píanóleik Jónasar Ingimundarsonar íslensk lög og Víkingur Heiðar Ólafsson, sem var fyrsti verðlaunahafi tónlistarsjóðsins, lék 4 verk á píanó. Kristinn söng einnig tvær aríur við píanóleik Jónasar og Víkingar Heiðars, en tónleikunum lauk með því að Jónas Ingimundarson og Víkingur Heiðar léku verk á 2 flygla.



Við þetta tækifæri afhenti umdæmisstjóri Jónasi Ingimundarsyni æðstu Paul Harris orðu með 3 rúbínum fyrir framlag hans til stórtónleikanna og tónlistarsjóðsins. Tónleikarnir tókust vel í alla staði.

Verðlauna- og styrktarsjóður Rótarý á Íslandi

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi eða nýstárlegt framtak, sem unnið er í umdæminu á sviði mennta, lista, vísinda eða atvinnumála, og að styðja samfélagsverkefni hérlendis eða erlendis, m.a. í samstarfi við önnur rótarýumdæmi og/eða Rotary International. Verðlauna- og styrktarsjóður Rótarý á Íslandi var stofnaður 9. júní 2007 með sameiningu tveggja sjóða þ.e. Starfsgreinasjóðs umdæmisins sem stofnaður var í tilefni af 50 ára afmæli umdæmisins 13. september 1984 og Styrktarsjóðs Rótarý á Íslandi sem stofnaður var 2003. Stofnféð var 12.000.000 kr.

Afhending viðurkenninganna fór fram í lokahófi á umdæmisþingi Rótarý sem haldið var í Garðabæ. Sú hefð hefur fests í sessi að veita viðurkenningar til aðila á félagssvæði þess rótarýklúbbs sem heldur umdæmisþingið hverju sinni. Í ár var það Rótarýklúbburinn Görðum í Garðabæ.

Jón B. Guðnason, Rkl. Keflavíkur, formaður stjórnar Verðlauna- og styrktarsjóðsins, gerði grein fyrir úthlutuninni. Stjórnin ákvað að veita viðurkenningar til tveggja aðila á félagssvæði Rótarýklúbbsins Görðum og ráðstafa til þess einni milljón króna. Þessir aðilar voru:

1. *Klifið - skapandi fræðslusetur*, sem fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi og nýstárlegt framtak á sviði mennta og samfélagsverkefna. Klifið - skapandi fræðslusetur hefur það markmið að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi námskeið, fyrir börn jafnt sem fullorðna, sem auðga líf fólks. Klifið leggur sig fram við að bjóða upp á fræðslu við hæfi ólíkra hópa, fræðslu sem vekur áhuga og auðgar líf fólks á öllum aldri.

2. Hönnunarsafn Íslands hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi og nýstárlegt framtak á sviði lista og atvinnumála. Árið 2009 var safninu valinn staður við Garðatorg í Garðabæ. Safnið gegnir í dag mikilvægu hlutverki í listalífi Garðabæjar. Helstu markmið safnsins eru að safna hönnunargripum og varðveita þá sem marktækan vitnisburð um íslenska hönnunar- og listhandverkssögu og verða leiðandi stofnun á því sviði. Enn fremur að miðla íslenskri og erlendri hönnunarsögu með sýningum, útgáfum og fræðslu fyrir almenning.

Tölvumál umdæmisins

Heimasíða umdæmisins *rotary.is* er helsti fréttamiðill okkar og skráningartæki. Á hverju fræðslumóti er viðtakandi riturum og forsetum kennt á heimasíðuna og félagakerfið sérstaklega. Ritnefnd umdæmisins vinnur að því að kynna heimasíðuna fyrir klúbbunum. Mikilvægt er að klúbbarnir tilnefni vefstjóra og heppilegast er að þeir starfi sem slíkir í nokkur ár.

Leiðbeiningar og ýmsan fróðleik má finna á www.rotary.is/rotaryklubbar/thjonusta/. Þar má finna ítarlegar myndskreyttar leiðbeiningar fyrir félagakerfið og einnig einfaldar leiðbeiningar fyrir vefumsjónarkerfið. Alltof algengt er að nýir notendur kerfisins lesi ekki leiðbeiningarnar eða noti þekkingu sem safnast hefur upp í klúbbnum frá því félagakerfið var tekið í notkun.

Þá hefur Rótarýumdæmið á Íslandi haldið úti Facebook-síðu og á Guðni Gíslason, Rkl. Hafnarfjarðar, heiður skilinn fyrir það framtak jafnframt því að gegna starfi kynningarstjóra umdæmisins. Rótarýfélagar, skiptinemar og aðrir sem tengjast *rotary.is* eru hvattir til að tengja sig þeirri síðu með því að smella á „Líkar við“.

Æskulýðsnefnd og ungmennaskipti - Fimmta þjónustuleiðin

Æskulýðsnefnd vinnur ötulllega að undirbúningi og móttöku ungmenna sem koma til námsdvalar á Íslandi, sem og undirbúningi íslenskra ungmenna sem fara utan í sama tilgangi. Starf nefndarinnar er afar annasamt og vandasamt þar sem ungmenni eiga í hlut og mikil ábyrgð hvílir á öllum sem að verkefninu koma. Einn áhrifamesti þáttur alþjóðþjónustu Rótarýhreyfingarinnar eru nemendaskiptin sem standa til boða afkomendum rótarýfélaga jafnt sem öðrum. Skiptinemar þurfa að vera á aldrinum 16 -18 ára og dveljast þeir eitt skólaár í gestgjafalandinu á heimilum rótarýmanna eða á öðrum heimilum sem rótarýmenn velja. Ætlast er til að skiptin séu gagnkvæm þannig að þeir klúbbar sem senda nemendur utan taki á móti nemum í staðinn.

Eitt íslenskt ungmenni fór til langtímadvalar til Bandaríkjanna í ágúst 2014 og einn skiptinemi frá Bandaríkjunum kom til Íslands á haustdögum 2014. Skólaárið 2015-2016 eru 6 skiptinemar erlendis og 5 erlendir skiptinemar á Íslandi.



Lögð er áhersla á að rótarýklúbbar hafi ungmennþjónustunefnd sem eina af fastanefndum sínum. Allir klúbbar eru hvattir til að gefa íslenskum ungmendum tækifæri á að fara út í heim og víkka sjóndeildarhringinn og koma heim sem betri þegnar og sem rótarýfélagar framtíðarinnar. Umdæmið styrkir hvern klúbb sem tekur á móti skiptinema um 150.000 kr. Kostnaður ætti því ekki að verða fámennum klúbbum. fjötur um fót í skiptinemastarfinu.

Rótarýhreyfingin hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á ungmennastarf. Hún álítur það vera skyldu hvers félaga að aðstoða ungu kynslóðina, ungt fólk yngra en 30 ára, við að bæta hæfni sína til að tryggja sér betri framtíð og jafnframt að átta sig á því hve fjölbreyttar og ólíkar þarfir fólks eru.

Sumarbúðir á Íslandi.



Æskulýðsnefnd umdæmisins stóð fyrir sumarbúðum á Íslandi í júní 2015. Til landsins komu 11 ungmenni frá 10 löndum. Þau voru öll 16 eða 17 ára. Margir klúbbar og rótarýfélagar sáu um móttöku hópsins. Dagskráin var í alla staði mjög vel skipulögð og einstaklega vel staðið að öllu. Rótarýklúbbar sem komu að og/eða styrktu móttöku ungmennanna voru Rkl. Selfoss, Rkl. Rangæinga, Rkl. Vestmannaeyja, Rkl. Reykjavíkur, Rkl. Reykjavík Miðborg, Rkl. Reykjavík Austurbær, Rkl. Reykjavík Breiðholt, Rkl. Reykjavík International, Rkl. Görðum, Rkl. Hafnarfjarðar, Rkl. Borgir og Rkl. Seltjarnarness. Umdæmisstjóri færir öllum sem komu að sumarbúðunum einstakar þakkir.

Sumarbúðir erlendis. Æskulýðsnefnd umdæmisins berast árlega allmörg boð um þátttöku í sumarbúðum erlendis. Listinn er sendur öllum forsetum klúbba í byrjun mars ár hvert og einnig er hann að finna á heimasíðu Rótarý www.rotary.is. Oftast er einn þátttakandi frá hverju landi í hverjum búðum og þetta því frábær leið fyrir ungt fólk að kynnst öðru ungu fólk frá hinum ýmsu löndum. Síðastliðið sumar fóru 5 ungmenni á vegum íslenskra rótarýklúbba í sumarbúðir erlendis.

EEMA. Alþjóðasamskipti nefndarinnar fara í gegnum EEMA samstarfið sem eru samtök æskulýðsnefnda Rótarýumdæma. Á hverju ári, kringum fyrstu helgina í september, er haldin ráðstefna þar sem fulltrúar æskulýðsnefndanna sem eru aðilar að EEMA hittast og bera saman bækur sínar. Í ágúst 2014 var EEMA ráðstefnan haldin í Osló og sóttu þrír fulltrúar æskulýðsnefndarinnar ráðstefnuna, þær Hanna María Siggeirsdóttir, formaður æskulýðsnefndar, Rkl. Reykjavík-Miðborg, Klara Lís Hervaldsdóttir, Rkl. Görðum og Ásta Björg Björnsdóttir, Rkl. Mosfellssveitar. Í september 2015 var þingið haldið í Tyrklandi og sóttu tveir fulltrúar það, þær Hanna María Siggeirsdóttir og Klara Lís Hervaldsdóttir

Kynning á æskulýðsstarfi Rótarý. Nefndarmenn æskulýðsnefndar hafa kynnt starfið á fræðslumóti Rótarý og umdæmisþingi.

Þetta er leið umdæmisins til að efla *Fimmtu þjónustuleiðina*.

Rótarýsjóðurinn – þátttaka í verkefnum erlendis

Rótarýsjóðurinn tók miklum breytingum sem gera það að verkum að segja má að sjóðurinn sé að færast nær okkur. Helmingur af öllum framlögum okkar í „Annual Fund“ mun verða okkur til ráðstöfunar til góðra verka að þremur árum liðnum. Þessar breytingar voru kynntar á umdæmisþingi 2013 og á forseta- og ritarafræðslumótum 2014. Enn fremur voru forsetar og ritarar minntir á greiðslur í Rótarýsjóðinn.

Alls greiddu rótarýfélagar á Íslandi um 37 þús dollara í Rótarýsjóðinn. Tólf klúbbar greiddu ekki neitt svo 18 klúbbar eru á bak við þessa upphæð.

Formaður Rótarýsjóðsnefndarinnar á Íslandi heimsótti 5 rótarýklúbba sem höfðu lagt mest fé íslenskra klúbba í sjóðina á starfsárinu 2013-2014. Hæstu framlög í árlega sjóðinn að teknu tilliti til fjölda félaga komu frá Rkl. Keflavíkur, Rkl. Hafnarfjarðar og Rkl. Görðum. Voru þeim afhentar viðurkenningar frá alheimsstjórn Rótarýsjóðsins. Tveir klúbbar hlutu einnig viðurkenningu og þakkarbréf frá Rótarýsjóðnum vegna framlaga í Pólíó Plús sjóðinn, en það voru Rkl. Seltjarnarness og Rkl. Akraness.



Umdæmisstjóri og formaður sjóðsnefndarinnar samþykktu í lok starfsársins að umdæmið legði fram 10.000 USD af ráðstöfunarfé umdæmisins (DDF) í Rótarýsjóðnum til Pólíó Plús verkefnisins.

Þá var einnig samþykkt að umdæmið tæki þátt í Heimsstyrkjaverkefni - Global Grant Record sem stofnað var til af Rótarýklúbbnum Mumbai Downtown, en verkefnið mun stuðla að því að bæta heilsu, hreinlæti og aðstöðu í sveitahéraði þar sem fjárhagsstaða íbúa er undir fátæktarmörkum og mun stuðla að því að setja upp salernis- og baðaðstöðu við heimili 262 íbúa héraðsins. Þetta er 2ja ára verkefni og framlag umdæmisins á Íslandi er 15.000 USD og kemur einnig úr DDF.

Umdæmið sendi einnig styrk til umdæmis í Nepal RID 32921 (Nepal & Bhutan) sem kallaði á hjálp vegna náttúruhamfaranna í Nepal.

Einnig hefur umdæmið skuldbundið sig til þátttöku í öðru Heimsstyrkjaverkefni – Global Grant Record sem stofnað var til af rótarýklúbbsi í Madurai, Tamilnadu, Indlandi, umdæmi nr. 3000. Það verkefni er í undirbúningi. Verkefnið lýtur að því að útvega stóla, borð og salerni í skóla.

Það er mikilvægt að Rótarýhreyfingin á Íslandi leggi áherslu á framlög í Rótarýsjóðinn í starfi allra rótarýklúbba og að sérhver rótarýfélagi taki þátt með framlögum í einn eða fleiri af þeim fjórum sjóðum sem heyra undir Rótarýsjóðinn.

Náms- og friðarstyrkjanefnd

Frá árinu 2001 hefur starfsemi námsstyrkjanefndar einkum falist í að velja íslenska umsækjendur til að sækja um friðarstyrki Rótarýsjóðsins. Þetta eru sérstakir tveggja ára meistaranámsstyrkir, bundnir sex virtum háskólum í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan og Ástralíu, sem bjóða upp á sérsniðnar námsbrautir með friðarhugsjónir Rótarýhreyfingarinnar í huga.

Veittir eru styrkir til tveggja ára meistaranáms, sem standa undir skólagjöldum, húsnæði, fæði, bókum og ferðum. Styrkjunum hefur verið úthlutað alls tólf sinnum og hefur vakið athygli hversu vel íslensku umsækjendunum hefur vegnað, en þeir hlutu styrk samfleytt í ellefu skipti.

Friðarstyrkirnir eru auglýstir til umsóknar í febrúar - mars á hverju ári. Auglýsingar eru sendar til klúbbanna, birtar í fréttabréfum umdæmisstjóra, á netmiðlum og sendar til háskóla, hjálparstofnana og ráðuneyta. Námsstyrkjanefnd hefur gengið frá vali á hæfasta einstaklingnum úr hópi þeirra sem sóttu um friðarstyrk 2016 og umdæminu til mikillar ánægju hlaut umsækjandinn styrkinn.

Klúbbheimsóknir umdæmisstjóra

Meðal ánægjulegustu starfa umdæmisstjóra er heimsókn til allra klúbbanna. Tilgangur heimsóknanna er að styrkja tengslin á milli yfirstjórnar umdæmisins og klúbbanna, koma áherslumálum til skila og kanna hvort klúbbarnir fari að grundvallarlögum Rótarý. Klúbbheimsóknáætlun ársins var lögð fram á fræðslumótinu 2014.

Það eru forréttindi að fá að heimsækja alla rótarýklúbba á landinu og kynnast því skemmtilega fólki og öflugum starfi sem þar fer fram. Allir klúbbarnir eiga sér sínar hefðir og siði og það gerir heimsókn í hvern klúbb sérstaka. Halda ber í góðar hefðir en um leið leitast stöðugt við að þróa klúbbstarfið í takt við nýja tíma. Lögð var áhersla á að starfið í klúbbunum sé uppbyggilegt og skemmtilegt og áherslur alþjóðaforseta og umdæmisstjóra kynntar. Heimsóknirnar hófust í ágúst og lauk í maí. Heimsóknatímabilið var óvenjulengt að þessu sinni vegna veikindafrís umdæmisstjóra í september 2014 og beðist er velvirðingar á því. Heimsóknirnar voru ákaflega gefandi fyrir okkur hjónin. Við hittum fjölmarga rótarýfélaga og áttum með þeim góðar samverustundir. Við hjónin þökkum kærlega fyrir frábærar móttökur og óskum klúbbunum allra heilla í starfi þeirra.

Rótarýblaðið

Rótarýblaðið gegnir þeim tilgangi að vekja athygli á starfi hreyfingarinnar en um leið fæst með sölu auglýsinga fjárhagslegur stuðningur sem greiðir hluta af kostnaði við umdæmisþingið. Nafn blaðsins var það sama og þema umdæmisþingsins, "Vörpum ljósi á Rótarý". Blaðið var sent til allra félaga og auk þess dreift á öll heimili í Garðabæ. Blaðið var veglegt og efnismikið og sá Rkl. Görðum um útgáfuna. Hvíldi sú vinna á ritnefnd með Elínu Þorsteinsdóttur í fararbroddi, og Kristjáni Þorsteinssyni, formanni fjáröflunarnefndar, sem stýrði auglýsingaöflun blaðsins. Blaðið var sérstaklega veglegt og til gamans má geta þess að það vakti áhuga margra á Rótarý sem höfðu samband við forseta klúbbsins í kjölfar umdæmisþingsins.

Útbreiðsla og félagapróun

Útbreiðslu- og félagapróunarmálin hafa ætíð verið meðal forgangsmátta Rótarýhreyfingarinnar, bæði á Íslandi og erlendis, enda nauðsynlegt að stuðla að stöðugum vexti og endurnýjun innan hreyfingarinnar svo hún geti sinnt mikilvægum verkefnum sínum með sóma. Útbreiðslu- og félagapróunarnefnd rótarýumdæmisins hefur unnið þrekvirki á starfsárinu með Halldóru Gyðu Matthíasdóttur Proppé, formann nefndarinnar, í brúnni. Stofnaður var nýr Rótarýklúbbur í Garðabæ, **Rótarýklúbburinn Hof Garðabæ**. Einnig er verið að skoða ýmsa kosti á stofnum nýrra klúbba. Gaman verður að fylgjast með framvindunni á næstu misserum.

Nýr klúbbur - Rótarýklúbburinn Hof Garðabæ

Stofnfundur hins nýja klúbbs í Garðabæ var haldinn 4. júní í Jötunheimum, skátaheimili Vífils. Í nýja klúbbum, sem hlaut nafnið Rótarýklúbburinn Hof Garðabæ, eru 34 stofnfélagar og



fleiri hafa bæst í hópinn í haust. Forseti klúbbsins er Gísli B. Ívarsson en hann var félagi í Rótarýklúbbum Reykjavík Árbær. Þetta er myndarlegur hópur góðra einstaklinga sem eru mjög áhugasamir. Fundir klúbbsins eru kl. 08.00 á fimmtudögum í Jötunheimum. Móðurklúbbur nýja klúbbsins er Rótarýklúbburinn Görðum. Það var útbreiðslu- og félagapróunarnefnd auk Rkl. Görðum sem vann að

undirbúningnum sem var framúrskarandi og vil ég þakka þeim fyrir gott vinnuframlag. Fullgildingarfundur er áætlaður í nóvember en fullgildingin var staðfest 30. júní 2015. Ég óska klúbbum innilega til hamingju og hlakka til að fylgjast með starfinu.

Umdæmisþingið – Vörpum ljósi á Rótarý

Umdæmisþing Rótarý var haldið í 69. sinn í Garðabæ dagana 10. og 11. október 2014. Rótarýklúbbur umdæmisstjóra, Rkl. Görðum, annaðist allan undirbúning, skipulag og framkvæmd. Er öllum félögum klúbbsins þakkað innilega fyrir einstaka vel unnið verk.

Þema þingsins var „Vörpum ljósi á Rótarý“. Dagskráin var mjög fjölbreytt og leitast við að varpa ljósi á mörg málefni tengd Garðabæ og fleiru. Vel á annað hundrað rótarýfélagar og gestir sóttu umdæmisþingið og lýstu þeir yfir mikilli ánægju sinni með umgjörð þingsins og skemmtilega og vandaða dagskrá. Erlendir gestir á umdæmisþinginu voru þau Leila og Juha Risteli, frá Finnlandi, fulltrúar alheimsforseta RI, og Anders og Aja Wallin frá Svíþjóð, fulltrúar norrænu umdæmanna. Erlendu fulltrúarnir ávörpuðu þingið og fluttu okkur kveðjur.



embættistíð hennar 1980-1996.

Þingið var sett föstudaginn 10. október með hátíðlegum hætti í Vídalínskirkju og látinna rótarýfélaga minnst. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, flutti þar skemmtilega og innihaldsríka hátíðarræðu. Um kvöldið var síðan fundur í Rótarýklúbbnum Görðum og var hann haldinn í safnaðarheimili Vídalínskirkju. Á undan Rótarýfundinum voru gestir boðnir í Hönnunarsafn Íslands til að skoða sýninguna „Ertu tilbúin, frú forseti?“ Fyrrum forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, tók á móti gestum og ávarpaði þá. Á sýningunni voru fatnaður og ýmsir fylgihlutir frá

Á laugardag fóru fundarhöld fram í Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Hátíðarkvöldverður var haldinn með Inner Wheel í Fjölbrautaskólanum en Inner Wheel hélt sitt umdæmisþing á sama stað og tíma. Makadagskrá var á laugardeginum þar sem Bessastaðir og ýmsir aðrir staðir í Garðabæ voru heimsóttir.

Umdæmisþingið hefur þrjú þættan tilgag. Þingið er að hluta til aðalfundur umdæmisins þar sem skýrsla og reikningar liðins starfsárs eru afgreiddir ásamt m.a. tillögum að fjárhagsáætlun og lagabreytingum. Í annan stað fæst með þinginu nauðsynleg tenging við hið alþjóðlega rótarýstarf sem eflir tengslanet og félagslíf okkar hérlandis. Síðast en ekki síst er þingið hvatning til öflugra rótarýstarfs með áhugaverðum kynningum, umræðu og skemmtilegri samveru.

Vörpum ljósi á Rótarý

Á starfsárinu var margt gert til að varpa ljósi á starfsemi rótarýklúbba og Rótarý almennt og ber helst að nefna nýjungar svo sem Rótarýdaginn og söfnunina fyrir höfuðljósi handa Landspítala.

Rótarýdagurinn 28. febrúar 2015

Rótarýdagurinn var haldinn í fyrsta skipti á Íslandi laugardaginn 28. febrúar 2015. Umdæmið hóf undirbúning á því að skipa nefnd. Undirbúningsnefndin var skipuð 5 manns, aðstoðarumdæmisstjórunum þremur, Esther Guðmundsdóttur, Eyþóri Elíassyni og Knúti Óskarssyni, en Knútur var formaður nefndarinnar, Guðna Gíslasyni, kynningarstjóra, og Markúsi Erni Antonssyni, ritstjóra heimasíðunnar. Þau eiga hrós skilið fyrir undirbúning dagsins. En ekkert hefði gerst ef rótarýklúbbarnir hefðu ekki verið svona jákvæðir og hugmyndaþekkir við að kynna sig og Rótarý í tilefni dagsins. Þið vörpuðuð öll svo sannarlega ljósi á Rótarý. Umdæmisstjóri er ykkur innilega þakklátur.



Markmið Rótarýdagsins er að

- Varpa ljósi á Rótarý.
- Vekja áhuga fólks á að starfa í Rótarý.
- Vekja áhuga fólks og fyrirtækja á að styrkja starf Rótarý.
- Styrkja ímynd Rótarý.
- Vekja áhuga fólks á því að ganga til liðs við Rótarý.
- Auka samstöðu á milli rótarýfélaga og hvetja þá og klúbba til góðra verka.

Lögð var áhersla á að klúbbarnir tækju sjálfir ákvörðun um hvað þeir gerðu og hvernig. Þeir voru hvattir til dáða með nokkurs konar hugmyndabanka um hvað væri unnt að gera og með

Því að leggja þeim lið með kynningarefni sem gerði þeim auðveldara fyrir. Lögð var áhersla á að hver klúbbur héldi Rótarýdag með ofangreind markmið í huga en hefði frjálsar hendur með skipulag dagsins. Aðalatriðið var að skipuleggja skemmtilega, formlega eða óformlega viðburði í samfélaginu til að kynna almenningi starf Rótarý. Klúbbum var einnig frjálst að sameinast um stærri viðburði. Klúbbunum stóð jafnframt til boða að setja sig í samband við nefndina eða einstaka nefndarmenn til frekari upplýsinga og aðstoðar.

Umdæmið lét útbúa kynningarbækling fyrir rótarýfélaga, kynningarbækling til dreifingar til almennings á deginum, merktar húfur, tvær tegundir af veggspjöldum og fána sem hægt var að merkja hverjum klúbbi.

Einnig voru skipulögð greinaskrif í blöð. Alls birtust 8 greinar í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu í vikunum fyrir Rótarýdaginn og á daginn sjálfan. Auk þess birtust víða um land greinar frá klúbbunum á viðkomandi svæði í landshluta- og bæjarblöðum.

Þá voru viðtöl við rótarýfélaga á RÚV, Bylgjunni og N4 og skjáauglýsingar á RÚV, Stöð 2 og N4.

Flokkun gagna

Á fundi umdæmisráðs fyrr á árinu var samþykkt að hefja flokkun á miklu magni skjala og annarra gagna sem safnast hafa upp á skrifstofu umdæmisins undanfarin ár.

Sigurður Egill Þorvaldsson, rótarýfélagi í Rkl Árbæjar, átti frumkvæðið að þessu verkefni. Jón Ásgeir Jónsson, Rkl Görðum, kom til liðs við Sigurð snemma í ferlinu. Þeir hafa nú hafið verkið í Brautarholti 6 og þar bíður þeirra myndarlegur stafl af kössum, sem eru fullir af skjölum til skráningar. Þetta er mjög þarft verkefni og verkið mun taka um ár.

Viðurkenningar

Á starfsárinu fengu 5 rótarýklúbbar viðurkenningu.

Rótarýklúbbur Keflavíkur fékk verðlaun alheimsforseta Rótarý fyrir framúrskarandi árangur á sviði samfélagsþjónustu fyrir verkefni sitt sem felst í stuðningi við Krabbameinsfélag Suðurnesja.

Rótarýklúbburinn Görðum, Rótarýklúbburinn Reykjavík Grafarvogur, Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar og Rótarýklúbbur Selfoss fengu allir viðurkenningu fyrir störf sín fyrir að varpa ljósi á Rótarý. Þessir klúbbar fengu hæsta skorið skv. skorkorti Presidential Citation af klúbbunum á Íslandi.

Söfnunin „Vörpum ljósi á Landspítalann og Rótarý“



Rótarýklúbbar og umdæmi um allan heim standa fyrir ótrúlegum fjölda verkefna í nærsamfélagi sínu. Það er eitt af því markverðasta sem maður kynnist í starfi Rótarý á alþjóðavettvangi. Það er því öllum hollt að heimsækja Rótarýklúbba á ferðum erlendis og kynna sér verkefni og hvernig þau eru fjármögguð. Klúbbarnir og umdæmin fármagna oft verkefni með fjárframlögum félaganna.

Í rótarýumdæminu á Íslandi eru það klúbbarnir sem standa að og fjármagna samfélagsverkefni á sínu svæði. Umdæmið hefur hins vegar ekki oft staðið fyrir fjármögnun

verkefna, en það er mjög oft gert erlendis. Um miðjan febrúar 2015 ákvað umdæmisstjóri að hefja söfnun fyrir höfuðljósi handa Landspítalanum. Farið var fram á 2 þús. krónur frá hverjum Rótarýfélaga á Íslandi. Þann 19. júní var höfuðljósið afhent skurðstofu Landspítalans. Ljósið og ljósgjafinn eru notuð til að lýsa upp aðgerðasvæði í skurðaðgerðum. Þessi tækjabúnaður er notaður í flestum tegundum aðgerða, bæði hjá börnum og fullorðnum og í öllum hjarta- og lungnaaðgerðum. Ég þakka öllum þeim sem lögðu söfnuninni lið.

Rotary Norden

Samkvæmt starfsreglum Rótarýhreyfingarinnar eiga allir rótarýklúbbar að kaupa áskrift að a.m.k. einu rótarýblaði en 31 rótarýblað á 25 tungumálum er gefið út í heiminum í dag. Norðurlöndin hafa með sér samstarf um útgáfu eins blaðs, Rotary Norden fyrir löndin fimm og kom blaðið fyrst út árið 1936. Rotary Norden kemur út 7 sinnum á ári í 70.000 eintökum í hvert sinn.

Markús Örn Antonsson, félagi í Rkl. Reykjavík-Breiðholt, situr fyrir okkar hönd í ritstjórn blaðsins og hefur verið iðinn við að flytja góðar fréttir af starfinu í umdæminu og birta vel unnar greinar og viðtöl.

Golfmót

Hið árlega golfmót Rótarýklúbba á Íslandi var að þessu sinni í umsjá Rótarýklúbbs Akraness. Mótið var haldið á Garðavelli á Akranesi hjá Golfklúbbnum Leyni fimmtudaginn 25. júní 2015 og tókst það með ágætum.



Nýr umdæmisstjóri

Valnefnd umdæmisins, sem Ellen Ingvadóttir veitir forystu, kynnti í byrjun árs 2015 tillögu sína um umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2017-2018. Að undangengnu fyrirskipuðu ferli var niðurstaða nefndarinnar að mæla með Knúti Óskarssyni, viðskiptafræðingi og félagi í Rótarýklúbbi Mosfellssveitar.

Tilnefningin var samkvæmt venju send öllum klúbbum til umsagnar í framhaldi af erindi valnefndar. Knútur féllst á tilnefninguna og verður hann formlega kynntur á umdæmisþinginu í Borgarnesi.

Lagabreytingar.

Löggjafarsamkunda Rotary International (COL) kemur saman næst árið 2016 en löggjafarþingið er haldið í Chicago á þriggja ára fresti. Haldið verður undirbúningsþing í Englandi í nóvember nk. en það sækja COL- fulltrúi okkar umdæmis, Ellen Ingvadóttir, og varafulltrúi okkar, Kristján Haraldsson. Sífelld auknari kröfur eru gerðar til fulltrúa á þinginu, m.a. skulu nýir þingfulltrúar gangast undir hæfnispróf þar sem reynir á tungumálakunnáttu og lagaskilning.

Norðurlöndin eiga gjarnan með sér samstarf við undirbúning og á COL- þinginu. Gera má ráð fyrir að slíkt samstarf fari í gang á undirbúningsþinginu í nóvember.

Námskeið um félagapróun og stefnumótun

Námskeið um félagapróun í rótarýklúbbunum og stefnumótun fór fram 25. apríl 2015 á Grand Hótel Reykjavík. Námskeiðsstjóri var Jens Erik Rasmussen, fulltrúi RI fyrir svæði 16, sem Ísland tilheyrir. Námskeiðið var ætlað viðtakandi forsetum rótarýklúbba hér á landi og

þeim einstaklingum sem hafa forgöngu um félagabróun og málefni Rótarýsjóðsins ásamt öðrum þeim sem áhuga hafa á þessum málaflokkum. Tilgangur námskeiðsins var að gera forystumenn rótarýklúbbanna hæfari til að undirbúa áætlanir um starf klúbbanna. Þessi nýjung í starfi Rótarý mæltist vel fyrir og var góð mæting

Rotary.org - My Rotary

Haustið 2013 var opnuð ný heimasíða Rotary International á www.rotary.org. Miklar breytingar voru gerðar á síðunni með það að markmiði að aðgengi að upplýsingum verði betra. Jafnframt var opnaður nýr innri vefur *My Rotary* þar sem allir rótarýfélagar geta skráð sig inn á. Forsetar og ritarar fá sjálfkrafa aukinn aðgang til að sýsla með upplýsingar um eigin klúbb og til að sækja skýrslur o. fl.

Forsetar, ritarar og gjaldkerar geta á *My Rotary* sinnt embættisskyldum sínum, greitt gjöld til RI, uppfært félagatal, skráð verðandi embættismenn, greitt í Rótarýsjóðinn og nú einnig skráð markmið klúbbsins og árangur. Með því móti geta klúbbfélagar fylgst með þróun klúbbsins í gegnum árin en hingað til hafa þessi markmið verið skráð á blað og skilað til umdæmisins.

Lokaorð

Starfi mínu sem umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi 2014-2015, rótarýumdæmi 1360, er nú lokið. Á þessum tímamótum er þakklæti mér efst í huga. Þakklæti fyrir að hafa verið treyst til að gegna starfi umdæmisstjóra, þakklæti til allra samstarfsaðila sem gerðu mér kleift að klára verkefnið, sérstaklega í byrjun starfsársins en þá komu veikindi í veg fyrir að ég gæti sinnt starfinu sem skyldi. Þá voru félagar mínir í umdæmisráði betri en enginn.

Starfið hefur verið einstaklega skemmtilegt og ánægjulegt. Heimsóknir í klúbbana voru sérstaklega ánægjulegar og erum við hjónin afar þakklát móttökunum og gestrisninni sem við urðum aðnjótandi hvarvetna sem við komum. Gaman og gefandi var líka að kynnast félögum erlendis á tveimur þingum sem við sóttum til undirbúnings umdæmisstjóraembættinu, í St. Pétursborg og San Diego. Þá tókum við einnig þátt í skemmtilegum afmælisfögnuðum. Allt þetta erum við þakklát fyrir.

Unnið var undir slagorðinu „Vörpum ljósi á Rótarý“. Áherslur alheimsforsetans voru hafðar að leiðarljósi og hann lagði mikla áherslu á að gera okkur sýnilegri og að fjölga félögum.

Sérstök markmið á starfsárinu voru þrjú og okkur tókst í sameiningu að ná einu þeirra alveg og að fara langt með að ná hinum tveimur. Þau voru:

1. Fjölga félögum.
2. Að reyna að greiða 100 USD í RF. Helst í félagsgjöldum eða fjármagna á annan máta.
3. Rótarýdagur í öllum klúbbum. Sama dagsetning fyrir alla klúbba. 28. febrúar 2015.

Okkur tókst að fjölga félögum svo eftir var tekið. Stofnuðum nýjan klúbb, Rótarýklúbbinn Hof Garðabæ, eins og fram kemur fyrr í skýrslunni með 34 stofnfélögum. Þar unnu Halldóra Gyða Matthíasdóttir, formaður útbreiðslu- og félagabróunarnefndar, og nefndarmenn auk Eiríks Þorbjörnssonar, þáverandi forseta í Rkl. Gördum, þrekkvirki. Undirbúningur stofnunar klúbbsins var til fyrirmyndar og færir umdæmisstjóri þeim bestu þakkir.

Í Rótarýsjóðinni greiddu klúbbar alls um 37 þúsund USD. Samt voru það bara 18 klúbbar sem greiddu í sjóðinn og þakka ég þeim sérstaklega fyrir þeirra framlag.

Rótarýdagurinn var haldinn í fyrsta sinn hér á landi og tókst hann afar vel og var það mjög ánægjulegt. Allir klúbbar voru afar jákvæðir fyrir verkefninu og það er þeim að þakka auk undirbúningsnefndarinnar að svona vel tókst til. Dagurinn varð til þess að klúbbar um allt land urðu sýnilegri og kynntu sitt góða starf að samfélags- og mannúðarmálum á hverjum stað. Einnig tókst okkur að láta í okkur heyra í fjölmiðlum, meira en oft áður. Þá tókst okkur að vekja athygli á Rótarý með söfnuninni fyrir höfuðljósi á Landspítalann.

Umdæmisþingið í Garðabæ var rótarýfélögum mínum í Rkl. Görðum til mikils sóma með Pál Hilmarsson, aðalskipulagsstjóra, og Eirík Þorbjörnsson, forseta klúbbsins, í fararbroddi. Allir klúbbsfélagar tóku þátt í undirbúningi þingsins og sýndu í reynd samheldnina og gleðina sem einkennir klúbbinn minn. Ég flyt þeim mínar bestu þakkir.

Á mínu ári sem umdæmisstjóri hef ég svo sannarlega fundið að ég hef ekki verið ein innan rótarýumdæmisins. Alls eru 60 manns í ráðum, nefndum og stjórnnum, ásamt trúnaðarmönnum hjá umdæminu. Embættismönnum klúbba og umdæmisins þakka ég fyrir vel unnin störf. Samstarfið við forseta klúbbanna og formenn nefnda var einstaklega ánægjulegt. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra umdæmisins, Margrétu Sigurjónsdóttur, fyrir alla hjálpinu á starfsárinu.

Nánust er samvinnan í umdæmisráði og það er ómetanlegt hvað allir eru boðnir og búnir til að veita lið og aðstoða með þekkingu sinni og reynslu. Margrét Friðriksdóttir, Rkl. Borgum Kópavogi, og fyrrverandi umdæmisstjóri, fór úr ráðinu við lok starfsársins eins og venja er. Ég færi henni mínar bestu þakkir fyrir einstaklega gott og gefandi samstarf.

Á glæsilegum og skemmtilegum fundi hjá Rótarýklúbbi Borgarness 1. júlí sl. afhenti ég Magnúsi B. Jónssyni keðju umdæmisstjóra. Á undanförunum tveimur árum hef ég kynnst Magnúsi í umdæmisráði og fundið hversu góðan mann hann hefur að geyma og áhugann fyrir að gera allt sem best fyrir Rótarý og félagana. Þau Steinunn munu verða glæsileg sem umdæmisstjórahljóð. Við óskum þeim velfarnaðar.

Öllum rótarýfélögum vil ég þakka að hafa fengið að þjóna Rótarýhreyfingunni á Íslandi sem umdæmisstjóri. Starfið er afar gefandi en getur verið erilsamt á köflum. Það segir okkur að við eigum lifandi hreyfingu. Við hjónin höfum notið ársins og þökkum innilega fyrir okkur.

Guðbjörg Alfreðsdóttir
umdæmisstjóri 2014-2015